

en gæzluvarðhald þeirra, eftir 18. f. m., komi með fullri dagatölu til frádráttar hinum ídæmdu refsingum. Þeir skulu og sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annara almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson sæti hvor um sig varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærðu Eggert Halldór Þorbjarnarson, Hallgrímur Baldi Hallgrímsson, Eðvarð Kristinn Sigurðsson, Ásgeir Pétursson, Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson greiði allir in solidum  $\frac{1}{4}$  alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hér fyrir réttinum, hdm. Egils Sigurgeirssonar, kr. 200.00, en hina  $\frac{3}{4}$  sakarkostnaðar greiði þeir Eggert Halldór og Hallgrímur Baldi in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. marz 1941.

Nr. 3/1941. **Loðdýraræktarfélag Kjósarhrepps**

(Pétur Magnússon)

gegn

**Brynjólfí Guðmundssyni**

(Gunnar Þorsteinsson).

**Krafa um endurgreiðslu stofnfjár í loðdýraræktarfélagi.**

### **Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. janúar þ. á., krefst algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Félagsfundurinn 18. marz 1940 hafði að visu ekki samkvæmt 3. gr. samþykktá félagsins heimild til að vikja stefnda úr félaginu, en með því að andæfa ekki brottvikningunni og með málshöfðun þessari hefur hann komið þannig fram, að jafna má til úrsagnar úr félaginu. Af því leiðir þegar, að hann getur ekki samkvæmt 13. og 14. gr. samþykktanna, sem tryggir lánardrottnum félagsins stofnféð, fengið stofnfé

sitt endurgreitt í máli þessu, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfu hans um greiðslu þess.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað í héraði ber að staðfesta, sbr. 12. gr. laga nr. 85 frá 1936, en málskostnað fyrir hæstarétti þykir rétt að láta falla niður.

Loks verður að dæma stjórnendur Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps í 10 króna sekt til ríkissjóðs hvern þeirra samkvæmt 12. gr. nefndra laga fyrir að sækja ekki sáttafund, og afpláni hver þeirra sekt sína með tveggja daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

#### Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Loðdýraræktarfélag Kjósarhrepps, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Brynjólfs Guðmundssonar, um endurgreiðslu stofnfjár þess, er í máli þessu greinir.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 225.15 í málskostnað fyrir héraðsdómi, en málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Stjórnendur Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps, þeir Bjarni Ólafsson, Gestur Andrússon og Ólafur Andrússon, greiði hver um sig 10 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni hver þeirra sekt sína með 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. okt. 1940.

Ár 1940, mánudaginn 21. október, var í aukabingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af sýslumanni Bergi Jónssyni, upp kveðinn dómur í fyrrgreindu máli, sem dómtekið var 18. september 1940.

Mál þetta er höfðað að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun með stefnu útgefni 26. júlí 1940 af Brynjólfi Guðmundssyni, bónda í Miðdal í Kjósarhreppi, gegn stjórn Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps, þeim Bjarna Ólafssyni Hvammi, Gesti Andrússyni Hálsi og Ólafi Andrússyni Neðri-Hálsi.

Stefnandi hefur aðallega krafizt þess, að stefndu verði fyrir hönd félagsins dæmdir til þess að greiða honum kr. 250.00 með 6% árs-vöxtum frá 16. maí 1940 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati réttarins. Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði persónulega dæmdir til þess að greiða honum framangreinda upphæð, ásamt vöxtum, svo og málskostnað.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sektir allt að kr. 100, fyrir brot á 188 sbr. 12. grein laga nr. 85/1936.

Stefndu hafa krafizt algerðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Á aðalfundi í Loðdýraræktarfélagi Kjósarhrepps, sem haldinn var 18. marz 1940, var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Að gefnu tilefni krefst fundurinn þess, að Brynjólfur Guðmundsson gefi skýra yfirlýsingu um það nú þegar, hvort hann telur sig vera félagsmann eða ekki, en geri hann það ekki, verði honum tafarlaust vikið úr félaginu.“ Var tillaga þessi samþykkt með 10 atkvæðum gegn 1 atkvæði. Á fundinum var gerð fyrirspurn til stefnanda í ofangreinda átt, en hann neitaði að gefa slíka yfirlýsingu.

Með samþykkt þessari taldi stefnandi, að honum hefði verið vikið úr félaginu, og taldi sig eiga heimtingu á, að honum yrði endurgreitt stofnfé það, er hann lagði í félagið, og viðbótartillag, er hann greiddi síðar til félagsins; eða samtals umstefnda upphæð, en honum hafi verið neitað um það, og hafi þess vegna séð sig knúðan til þess að höfða mál þetta.

Stefndu hafa hins vegar haldið fram, að stefnanda hafi ekki verið vikið úr félaginu, og hafa þeir lagt fram afrit af fundargerð stjórnarfundar í félaginu frá 11. apríl 1940, þar sem stjórnin hefur bókað, að niður fallnar væru ástæður til þess að láta koma til framkvæmda niðurlag ályktunar aðalfundar 18. marz 1940, um brottvikningu stefnanda úr félaginu.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að honum fyrirvaralaust hafi verið vikið úr félaginu, og hefur sérstaklega bent á orðalag tillögunnar til rökstuðnings fyrir þessari staðhæfingu sinni. Hefur hann haldið því fram, að með orðunum „nú þegar“ sé við það átt, að hann hafi verið rekinn úr félaginu á aðalfundinum, er til-lagan hafði verið samþykkt, og neitað að gefa yfirlýsingu um það, hvort hann teldi sig vera félagsmann. Í greinargerðinni á rskj. nr. 12 hefur stefnandi eindregið haldið því fram, að hann hafi allt af talið sig vera féлага í Loðdýraræktarfélagi Kjósarhrepps frá því að hann greiddi stofnfé sitt með öllum réttindum og skyldum féлага. Á hinn bóginn hefur hann í réttarhaldi 18. sept. s. l., skýrt svo frá, að hann hafi litið svo á, að hann hafi ekki borið ábygrð á skuldbindingum

félagsins og það sé enn skoðun hans, vegna þess að hann hafi aldrei samþykkt neinar lántökur fyrir félagið. Enn fremur kveðst hann ekki hafa gert ráð fyrir því, að honum hefði verið boðið upp á þátttöku í arði í félaginu, ef um slíkt hefði verið að ræða. Gætir þannig nokkurs misræmis í staðhæfingum stefnanda, en á því virðist þó ekki vera vafi, að stefnandi hafi verið félagi í Loðdýraræktarfélagi Kjósarhrepps.

Stefnandi hefur haldið því fram, að brottvikning hans úr félaginu hafi komið til framkvæmda þegar á aðalfundinum, er hann neitaði að gefa yfirlýsingu þá, sem farið var fram á. Þá hefur hann haldið því fram, að stjórnin hefði enga heimild haft til þess að breyta að neinu leyti ályktun aðalfundarins. Í 17. grein félagssamþykktanna er svo fyrir mælt, að lög nr. 36/1921, um samvinnufélög, nú lög nr. 46/1937, skuli gilda um öll þau atriði, sem ekki eru tekin fram í sjálfum samþykktum félagsins. Í 18. grein laga nr. 46/1937 er svo ákveðið, að félagsfundur hafi æðsta vald í málefnum félags með þeim hætti, sem lög ákveði og samþykktir þess. Þá hefur stefnandi vitnað til 21. greinar laga nr. 46/1937, þar sem ákveðið er, að stjórn fari með málefni félags milli funda, samkvæmt lögum og samþykktum þess. Stefnandi hefur haldið því fram með tilvísun til ofangreindra laga-greina, að af því leiði, að engin stjórnarsamþykkt eða stjórnarathöfn geti brotið í hág við löglega gerða samþykkt félagsfundar. Þá hefur hann einnig haldið því fram, að í tillögunni um brottvikningu hans sé stjórninni ekki falið á hendur neitt umboð eða veitt neitt „athafna-frelsi“ í því efni. Hefur stefnandi mótmælt bókun stjórnarfundarins 11. apríl 1940 sem markleysu einni með hliðsjón af framangreindum rökstuðningi.

Í 8. grein laga nr. 46/1937 er svo fyrir mælt, að í samþykktum félags skuli ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félagi og ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanna, en upp í samþykktir Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps hafa ekki verið tekin nein ákvæði, er heimili brottrekstur manns úr félaginu. Stefnandi hefur haldið því fram, að orðaval og allt efni tillögunnar bendi í þá átt, að stjórnin hafi engin afskipti átt að hafa af brottvikningu hans, og að fundurinn hafi sjálfur tekið endanlega ákvörðun um brottvikningu stefnanda með samþykkt tillögunnar.

Með því að fallast verður á rökstuðning stefnanda að þessu leyti og lita verður svo á, að aðalfundur hafi samkvæmt lögum úrslitavald í málefnum félags, telur rétturinn að stefnanda hafi verið víkið úr félaginu með framangreindri samþykkt.

Koma þá til álita kröfur stefnanda um endurgreiðslu stofnfjártillags og viðbófartillags hans.

Í 14. grein samþykkt félagsins er ákveðið, að skylt sé að greiða stofnfé félagsmanna við dauðsfall hans, flytji hann burt af félags-svæðinu, verði hann fátækrastyrksþurfi og við gjaldprot hans.

Hefur stefnandi haldið því fram, að samkvæmt eðli málsins og analogíu 14. greinar samþykktanna eigi hann heimtingu á að fá stofnféð og viðbótartillagið endurgreitt, þar sem um fullkomna lögjöfnun sé að ræða frá því tilviki, sem hér um ræðir, og til þess ákvæðis 14. greinar samþykktanna, að félagsmaður flytji burt af félagssvæðinu. Hefur hann bent á, að það leiði af hlutarins eðli, að manni, sem vikið er brott úr félagi, sé meinað að gæta hagsmuna sinna í félaginu, og eigi hann því heimtingu á að fá það fé, sem hann hefur lagt í félagið, endurgreitt ásamt vöxtum.

Með því að fallast verður á röksemdir stefnanda, verður aðalkrafa hans tekin til greina, og ber því að dæma stefndu f. h. Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps til þess að greiða stefnanda kr. 250.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1940 til greiðsludags. Varakrafa stefnanda verður ekki tekin til greina samkvæmt framsögðu. Samkvæmt úrslitum málsins og með tilliti til þess, að stefndu mættu ekki eða létu mæta fyrir sáttanefnd, skulu þeir greiða kostnað málsins bæði fyrir sáttanefnd og hér fyrir réttinum, og nemur hann kr 225.15 samkvæmt framlögðum reikningum, sem koma heim við gjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands, aukatekjulögin, og þar sem þeir virðast að öðru leyti hæfilegir, ber að dæma stefndu f. h. Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps til þess að greiða upphæð þessa.

Þá hefur stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni samkv. 188. sbr. 12. grein laga nr. 85/1936.

Það er upplýst í málinu, að stefndu mættu ekki eða létu mæta á sáttafundi í málinu, og var þeim þó löglega stefnt, heldur skrifuðu nefndinni um málefnið.

Með því að stefndu hafa ekki fært sönnur á, að þeir hafi haft lög-mæt forföll, ber að taka kröfu stefnanda til greina og dæma stefndu til að greiða in solidum sekt í rikissjóð fyrir brot á sáttalöggjöfinni, og þykir hús hæfilega ákveðin 10 krónur.

Málið hefur verið flutt skriflega samkvæmt samkomulagi milli aðilja.

Dómarinn lætur þess getið, að hann hafi bent stefndu á að taka frest í málinu til þess að gera grein fyrir efni málsins af sinni hálfu, en þeir hafa ekki sinnt leiðbeiningum dómarsins.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndu, stjórn Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps, þeir Bjarni Ólafsson, Gestur Andrésson og Ólafur Andrésson f. h. Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps, greiði stefnandanum, Brynjólfi Guðmundssyni, kr. 250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. maí 1940 til greiðsludags og kostnað málsins með kr. 225.15.

Bjarni Ólafsson, Gestur Andrésson og Ólafur Andrésson greiði in solidum 10 króna sekt í rikissjóð.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. marz 1941.

Nr. 104/1940. **Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Snorra Arnfinnssyni og gagnsök**

(Lárus Jóhannesson).

Krafa um bætur fyrir ólögmat slit á vinnusamningi.

### **Dómur hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Aðaláfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 7. nóvember f. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. s. m., krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að bætur til handa gagnáfrýjanda verði ákveðnar í hæsta lagi kr. 400.00. Ennfremur krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 14. janúar þ. á. áfrýjað málinu með stefnu 22. s. m., krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 4800.00 með 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1940 til greiðsludags, kr. 553.30 í málskostnað í héraði, svo og málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdómnum, þykir bera að staðfesta hann, þó þannig, að vaxtahæðin verði 6%.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

**Því dæmist rétt vera:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að vaxtahæðin verði 6%.